

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Dalvík.

1. gr.

Þar sem hreppurinn hefur látið byggja á sinn kostnað holræsi í götu, veg eða um opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda, byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, svo og hverjum eiganda vinnustöðvar, sem fráæslu þarf að dómi heilbrigðisnefndar, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu (vinnustöðinni), er flytji allt skólp og annað afrennsli, úr því og frá, út í aðalræsið.

Vanræki húseigandi (atvinnurekandi) að leggja ræsi þetta innan frests, er hreppsnefnd ákveður, er henni heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Ræsi þau, sem um getur í 1. gr., skulu ekki vera af lakari gerð en aðalræsi, og hafa hlutfallslegt rúmfang við það, og skulu þau gerð eftir fyrirsögn og undir umsjón nefndar eða manns, er hreppsnefnd felur umsjón með holræsum og gerð þeirra.

Húseigendum er skylt að hlýða fyrirætlum umsjónarmanns í öllu, er að gerð og frágangi ræsanna lýtur, enda skal öllum vera óheimilt að leggja ræsi eða veita afrennsli á annan hátt í aðalholræsakerfið, nema samþykki umsjónarmanns komi til.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum (vinnustöðvum), sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá eins og hér segir:

Af skattskyldum fasteignum greiðist eftir fasteignamatsverði:

—	—	—	—	2000—3000	—	—	8 ‰
—	—	—	—	3000—5000	—	—	7½ ‰
—	—	—	—	5000—7000	—	—	7 ‰
—	—	—	—	7000—10000	—	—	6½ ‰
—	—	—	—	yfir 10000	—	—	6 ‰

Auk þess skal vera heimilt að krefjast allt að 10 kr. fasts árlegs gjalds af hverri íbúð í gjaldskyldu húsi og af hverri vinnustöð.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda (atvinnurekanda) og ber hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Lögtaksréttur fylgir öllum kröfum, sem hreppsnefnd öðlast á hendur húseigendum (fasteignaeigendum) samkvæmt reglugerð þessari, og er hann tryggður með lögveðrétti í viðkomandi húsum og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. maí og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur gjaldsins á hvorum gjalddaga.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 kr. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, 186 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að 24. sept. máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

187

25. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 10. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhönnu Einars- 188 dóttur í Ási“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. sept. 27. september 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Einarsdóttur í Ási.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Einarsdóttur í Ási, og má aldrei breyta nafninu. Hann er stofnaður á áttugasta fæðingardeggi manns hennar, Guðmundar Ólafssonar frá Ási, 10. júlí 1943, af Guðmundi, börnum hans og fósturbörnum, með fjárframlagi þeirra, að upphæð kr. 2000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar sem giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafræðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir innan Rípurhrepps, og afkomendur Jóhönnu jafnan sitja fyrir styrk úr sjóðnum að öðru jöfnu.